

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1019/2008

2011/EES/68/27

frá 17. október 2008

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti sem varða matvæli. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem stunda framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á einhverju stigi sem kemur á eftir frumframleiðslustiginu skulu uppfylla almennu kröfur um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í II. viðauka þeirrar reglugerðar.
- 2) Að því er varðar vatn er kveðið á um í VII. kafla þess viðauka að nota skuli drykkjarhæft vatn þegar nauðsynlegt er til að tryggja að matvæli mengist ekki og að nota megi hreint vatn þegar um er að ræða lagarafurðir í heilu lagi. Þar er einnig kveðið á um að nota megi hreinan sjó þegar um er að ræða lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla og að nota megi hreint vatn til ytri skolunar þeirra.
- 3) Notkun á hreinu vatni, þegar um er að ræða lagarafurðir í heilu lagi og til ytri skolunar á lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum, hefur ekki í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu svo framarlega sem

stjórnendur matvælafyrirtækja hafa þróað og innleitt eftirlitsaðferðir, sem grundvallast einkum á meginreglunum um greiningu á hættu og mikilvægum styrstöðum (GáHMSS), til að tryggja að það geti ekki valdið mengun.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 852/2004 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 1. liðar í VII. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 komi eftirfarandi:

„b) Nota má hreint vatn þegar um er að ræða lagarafurðir í heilu lagi.

Nota má hreinan sjó þegar um er að ræða lifandi samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla; enn fremur má nota hreint vatn til ytri skolunar.

Þegar hreint vatn er notað skal vera nægilegur búnaður til að sjá fyrir því og verklagsreglur fyrir hendi til að tryggt sé að slík notkun geti ekki valdið mengun matvælnanna.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

(¹) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.